

## ÁLYKTUN RÁÐSINS

frá 19. júní 1995

um félagslega samhæfingu í farmflutningum á vegum á innri markaðinum(\*)

(95/C 169/03)

### RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

sem hefur hliðsjón af ályktun sinni frá 24. október 1994 um farmflutninga á vegum á evrópskum innri markaði (1),

og tekur tillit til eftirfarandi:

Hörfur á frjálsræði á innri markaðinum og aukin tengsl við lönd Mið- og Austur-Evrópu þýða að tryggja verður enn frekari samhæfingu samkeppnisskilyrða.

Nauðsyn þess að auka umferðaröryggi á vegum og bæta félagsleg skilyrði sem eru forsenda stöðugleika og skilvirkni innan fyrirtækja sem stunda flutninga á vegum.

1. VEITIR ÞVÍ ATHYGLI að sameiginlega nefndin um flutninga á vegum tekur í störfum sínum tillit til spurninga sem varða vinnutíma og starfsþjálfun á sviði flutninga á vegum.
2. VEITIR ÞVÍ ATHYGLI að sameiginlega nefndin um flutninga á vegum leggur kapp á að flýta störfum sínum varðandi fyrrnefnd málefni vegna þeirra kannana sem fyrirhugaðar eru á næstu mánuðum:
  - annars vegar á með hvaða hætti gildandi löggjöf í aðildarríkjunum tekur tillit til annars vinnutíma ökumanna langferðaþungaflutningabifreiða en aksturs- og hvíldartíma,
  - hins vegar á gildandi ákvæðum í aðildarríkjunum um grunnþjálfun og framhaldsþjálfun fyrrnefndra ökumanna, hvort sem skylt er að gangast undir hana eða ekki.

3. SKORAR Á framkvæmdastjórnina að vinna áfram með sameiginlegu nefndinni um flutninga á vegum til að tryggja framgang slíkra kannana og að ályktanir sem eru dregnar af þeim geri nefndinni kleift að koma af stað raunverulegum viðræðum milli fulltrúa fagfélaga atvinnurekenda og fulltrúa stéttarsamtaka starfsmanna um þau ákvæði sem samþykkja á, jafnframt því sem fjallað yrði um raunverulegar afleiðingar slíkra ákvæða og eftirlit með framkvæmd þeirra.
4. LÆTUR Í LJÓS ÞÁ ÓSK að sú vinna sem þannig er hafin innan sameiginlegu nefndarinnar um flutninga á vegum leiði eins fljótt og auðið er til raunhæfra og sameiginlegra niðurstaðna.
5. BENDIR Á að það óskaði eftir við framkvæmdastjórnina, í ályktun sinni frá 24. október 1994, að hún ynni skýrslu um gildandi reglugerðir í aðildarríkjunum um þjálfun ökumanna langferðaþungaflutningabifreiða, meðal annars ökumanna ökutækja sem flytja hættuleg efni, og semji, þar sem við á, tillögur um lögboðna grunnþjálfun og framhaldsþjálfun við hæfi.
6. GERIR SÉR GREIN FYRIR að framkvæmdastjórnin hyggst, eftir að hafa farið yfir niðurstöður sameiginlegu nefndarinnar um flutninga á vegum, fylgja eftir eins fljótt og auðið er orðsendingu sinni frá 20. mars 1992 um að taka hugtakið vinnutími upp í reglugerðir (EBE) nr. 3820/85 og (EBE) nr. 3821/85 um aksturs- og hvíldartíma á sviði flutninga á vegum.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. C 169, 5. 7. 1995, bls. 4, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/95 frá 15. desember 1995 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. C 309, 5. 11. 1994, bls. 4.